Visir. Miðvikudagur 24. október 1973.

VÍSIR SPYfc
Teljiö þér, aö séð sé fyrir endann
á landhelgisdeilunni?

Svavar Gestsson, benzinaf-
greiðslumaður: — Ég hef frekar
litið fylgzt með þessum málum,
en mér sýnist samt, að talsvert sé
enn eftir i land i deilunni. Þessir
samningar eru að visu bráða-
birgðasamningar, en ég held, að
þeir leiði i átt til lausnar.

Snorri Arnfinnsson, nemandi: —
Já, ég held, að þessi samnings-
drög leiði til lausnar. Það hlýtur
auövitað einhvern timann að ger-
ast, að endi verður bundinn á
deiluna. Mér finnst sem Is-
lendingar fari frekar hagstætt út
úr þessum samningum.

Guðriður Agústsdóttir, nemandi:
— Já, mér virðist það eftir þess-
um samningsdrögum forsætis-
ráðherra að dæma. Þó finnst mér
tslendingar ekki fara nógu hag-
stætt út úr samningunum, eins og
þeir liggja fyrir.

Ólafur Þór ólafsson, flutningabil-
stjóri: — Ég er hræddur um, að
eitthvað meira eigi eftir að ganga
á i þessari deilu. fslendingar
verða að fara betur út úr þessu,
og i raun og veru er algjör friðun
það eina, sem kemur til greina,
hún er svo nauðsynleg. Það er nú
ekki gott að segja, hvort Alþingi
samþykkir þessa samninga.

Guðbrandur Steinþórsson, verk-
fræöingur: — Ég get hreint ekk-
ert sagt, hvort séð sé fyrir endann
á deilunni. En mér finnst ekki
ástæða til að vera ánægður með
þessi samningsdrög. Ég býst þó
frekar við, að þau fari i gegnum
Alþingi.

Kristmundur jakobsson, lol't-
skeytamaöur: —Já, ég tel miklar
likur til þess. Ég býst viö, að
samningsdrögin verði samþykkt.
Eftir þvl sem útvegsmenn hafa
lýst yfir, þá virðast þessir samn-
ingar vera okkur betri kostur en
að þetta strið haldi áfram.

— sex ungir

menn og Gunnar

Hannesson setja

upp Ijósmynda-

sýningu á

Kjarvalssfóðum
í nóvember

Nota baðkeríð til að skota
„Þetta eru mest ailt sömu
aðiiarnir og stöðu fyrir Ijós-
myndasýningunni Ljós '71. Við
erum búnir að taka geysilegan
fjölda af myndum siðan og viljum
gjarnan leyfa fleirum að njóta
þeirra".
Þetta voru orö Pjeturs Þ.
Maack, sem ásamt fimm öðrum
ungum mönnum ætla að halda
Ijósmyndasýningu i Kjarvals-

Pjetur Maack og Karl Jeppesen að Hma upp eina af þeim 130 myndum, sem piltarnir verða með á sýningunni. Karl er nýr maður f félags-skapnum, kom inn í stað Ólafs Hákonarssonar. Ef myndirnar á sýning-unni eru eins góðar og þessi, sem þeir eru að lima upp, þá er goðs að
vænta.

stöðum frá og með 1. nóvember.
„Það verða eitthvað i kringum
130 svarthvitar myndir, sem við
félagarnir sýnum þarna. En svo
er Gunnar Hannesson ljósmynd-
ari einnig með sýningu um leið á
litskuggamyndum. Hann ætlar að
sýna i minni salnum á Kjarvals-
stöðum 400 litskuggamyndir i
fimm sýningarvélum. Og það er
öruggt, að marga fýsir að sjá
þessar stórkostlegu myndir hans
Gunnars", sagði Pjetur ennfrem-
ur.

Vísismenn heimsóttu þá félaga,
er þeir voru að stækka myndir um
helgina. Þeir hafa lagt heila ibúð
á Hverfisgötu 44 undir þetta starf
sitt.

„Gunnar Hannesson á reyndar
þessa ibúð. Hann hefur verið okk-
ur geysilega vinsamlegur og hef-
ur ódrepandi áhuga á þvi, sem við
erum að gera, þótt það sé reyndar
I svarthvitu. En við vorum komn-
ir I mikla hönk með að stækka
þessar myndir. Við ætluðum að
hafa góðan fyrirvara á og pöntuð-
um sérstaklega stóran ljós-
myndapappir hjá fyrirtæki éinu
hér i bæ. Þetta gerðum við fyrir
tæpu ári siðan. Við vorum aftur á
móti sviknir um þennan pappir,
svo við þurftum að leita annað.
Þá var bara svo liðið á timann, að
við höfum undanfarið lagt nótt við
dag við að stækka myndir Ibúðin
kemur sér þvi sérstaklega vel
undir þetta sull", sagði Pjetur.
Og starfsemin þarna uppi á lofti
á Hverfisgötunni er ekkert smá i
sniðum. Stofan er lögð undir tvo
stækkara, sem standa uppi á pöll-
um smiðuðum úr mótatimbri.
Slfkt er nauðsynlegt til að fá
myndirnar nógu stórar. Eldhúsið

er notað til að framkalla
myndirnar. Baðkarið gegnir svo
þvi hlutverki að skola þær.
Stærstu myndirnar eru um metri
á hvorn veg. Myndirnar eru Ur
öllum áttum, allt frá einu litlu
blómi upp i klettagljúfur i Fær-
eyjum.
„Svo er nú stærsti draumurinn
að fara með þessa sýningu til út-

Kjartan Kjartansson og Gunnar
Guðmundsson kófsveittir við að
stækka myndir. Geysimikla ná-
kvæmni þarf við þessa stækkun,
og ekkert má út af bregða. Þá er
nefnilega Ijósmyndapapplr fyrir
þúsund krónur fyrir bi.
Ljösmyndir: Bragi

LESENDUR HAFA ORÐIÐ

Kemur engum málið við?

J.S. skrifar:
„Það er hryllilegt til þess að
vita, að ekki skuli vera hér á
landi neitt eftirlit með þvi,
hvaða leikföng og leiktæki eru

seld i verzlunum. Dæmið um
barnið, sem missti framan af
fingri, er átakanlegt dæmi um
þetta sleifarlag. Og i framhaldi
af frétt Visis á laugardag segir i

FINT FRAMTAK

LÖGREGLUNNAR
Gúndi skrifar:

„Ég er virkilega ánægður
með það framtak, sem lögregl-
an i Reykjavik hefur sýnt til að
koma i veg fyrir hjólaslys.

Það er staðreynd, að þegar
skyggja tekur, þá verður sifellt
erfiðara fyrir bilstjóra að
greina vegfarendur út um bil-
rúðurnar. En þeir vegfarendur,
sem ferðast einna mest um
göturnar, eru einmitt hjól-
reiðarmenn. Til að tryggja
öryggi þeirra er það bráðnauð-
synlegt, að þeir séu með ljós á
hjólum sinum, eigi þeir ekki að
verða drepnir i umferðinni.

Þessi rassia, sem Reykja-
vfkurlögreglan er að gera á ljós-
lausum hjólum, er til mikillar
fyrirmyndar og sýnir, að það er
ekki eingöngu hugsað um að
elta drukkna bilstjóra eða sekta
menn fyrir umferðarlagabrot.
Slysafyrirbyggjandi aðgerðir
sem þessar mættu gjarnan vera
hjá fleirum en hjólreiðarmönn-
um. Hvernig er það með alla
gangandi vegfarendurna, sem
enn ganga um dökkklæddir, án
allra endurskinsmerja.
Það fólk leggur sig i stórhættu
með þvi að álpast út á um-
ferðargötur. Bilstjóri, sem situr
inni i bil, kannski i rigningu og
með billjós annarra bila á móti,

getur ekki alltaf komið auga á
slika vegfarendur. Þvi segir ég:
Upp með endurskinsmerkin og
meiri áróður fyrir þeim. Er það
annars satt, að ennþá séu
endurskinsmerki seld?

Og hvað með aðra staði, eins
og Kópavog, Hafnarfjbrð og
Akureyri, þar sem er mikil um-
ferð. Má búast við svipuðu
framtaki frá þeim til að forðast
slysin?"

Vísi á mánudag, að ekki hafi
göngugrind þessi verið tekin úr
hillum búðarinnar, sem þær
seidi.
Mérfinnst, enda þótt Oryggis-
eftirlit rikisins' hafi ekki með
slik mál að ger'a, að lögreglu-
rannsókn ætti að fara fram. Eða
gerði lógreglan nokkrar ráð-
stafanir? Það er varla hægt að
una þvi, að svona nokkuð geti
gerzt átölulaust.
En varðandi leikföngin má
geta þess, að oft hafa komið i
umferð leikföng, sem hafa verið
stórhættuleg.
Alls konar byssur og tól, sem
reynzt hafa skaðleg, jafnvel
sprengiefni og táragas hefur
verið selt undir borðum, skilst
manni.

Auðvitað hefur göngugrindin
af þessari gerð verið flutt inn I
góðri trú, en mér finnst, að
verzlunin ætti þegar að hætta
sölu á þeim og reyna að afla sér
annarra og hættuminni. Og
verzlunareigandanum ber vita-
skuld að taka af skarið, úr þvi
enginn opinber aðili telur sér
málið skylt".

Blaðað í

fíórlögum:

Ólafur: „Jó, ég vil

samþykkja þessar

tillögur"
Morgunblaðið 20. okt. 73
Það þjóðarhneisa algjör er
og allan svertir stjórnarhaginn,
að Ólafur er sjálfum sér
sammála eins og fyrri daginn.
Ben. Ax.

Frumvarp til fjárlaga 1974 er
hin merkasta lesning. Þar kem-
ur fram.hvaðáætlað er til hinna
geysimörgu liða I ríkis-
rekstrinum. En það eru ekki
bara stóru tölurnar, heildarút-
gjöld og heildartekjur, sem eru
athyglisverðar.
Fjárveitinganefndin vegur og
metur hvaðhver á að fá. Siðan á
auðvitað eftir að ræða það á
Alþingi, og eflaust verða þær
margar breytingarnar, sem þar
verða.
Við tókum úr nokkra liði fjár-
lagafrumvarpsins og segjum
frá, hvað áæltað sé að veita
miklu fé til ýmissa mála og
stofnana. Sumar þessara talna
er varla búizt við, að breytist
nokkuð i meðförum þingsins. En
aðrar breytast, og það eru þær
tölur, sem styrinn stendur um á
þingi næstu vikur.

Þjóðkirkjan kostar

okkur 143 milljónir

nœsta ár

Það er ekki annað hægt að
segja, en við tslendingar gerurn
vel við kirkjuna, þ.e.a.s. þjóð-
kirkjuna.
143 milljónum er áæltað að
verja til hennar af skattafé næsta
árs. Er það i fullu samræmi við
það, sem verið hefur undanfarin
ár. Langstærsti útgjaldaliðurinn
eru auðvitað laun presta og
prófasta og annarra starfsmanna
kirkjunnar.Samtalsfá þeir tæpar
hundrað milliónir i sinn hlut.

Afgangurinn fer svo til hinna
ýmsu útgjaldaliða, svo sem til
viðhalds á kirkjum, bygginga á
prestsetrum (10 milljónir), til
æskulýðsstarfs, sumarbúð a
o.s.frv. Yfirstjórn kirkjunnar
kostar svo 4,8 milljónir.

Prestar virðast ekki hyggja á
miklar' eða langar utanfarir
næsta sumar á vegum embætt-
anna, þvi til utanferða er aðeins
gert ráð fyrir 44 þúsund krónum.
— ÓH.